

8. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um Menningarsjóð.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Hlutverk Menningarsjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem verða mega til eflingar íslenskri menningu. Sérstök áhersla skal lögð á að efla útgáfu fræðiritra, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Jafnframt veitir sjóðurinn fjárhagslegan stuðning annarri skyldri starfsemi eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Stjórn Menningarsjóðs er skipuð þremur mönnum. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi hinna kjörnu stjórnarmanna.

Stjórn Menningarsjóðs hefur með höndum árlega úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Stjórn Menningarsjóðs gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins og skal hún borin undir menntamálaráðherra til samþykktar. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins greiðist úr Menningarsjóði.

3. gr.

Til Menningarsjóðs falla árlega þessar tekjur:

- a. Gjald af aðgöngumiðum að kvikmynda- og skuggamyndasýningum og dansleikjum skv. 8. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt.
- b. Fjárveiting sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

4. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi lög nr. 50/1957, með síðari breytingum, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1993 skulu 15 milljónir króna frá uppgjöri Bókaútgáfu Menningarsjóðs renna til Menningarsjóðs í stað framlags á fjárlögum.

Á árinu 1993 skal a-liður 3. gr. ekki koma til framkvæmda.

Menntamálaráð, sem kosið var af Alþingi samkvæmt lögum nr. 50/1957, með síðari breytingum, um menningarsjóð og menntamálaráð, skal leyst frá störfum við gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG**um aðgerðir gegn peningabætti.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI**Gildissvið o.fl.**

1. gr.

Lög þessi gilda um fyrirtæki og stofnanir sem veita almenningi fjármálaþjónustu, hér eftir nefndar fjármálastofnanir. Þær eru samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og dótturfélög þeirra.
2. Stofnanir samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.
3. Líftryggingafélög og séreignalífeyrissjóðir.
4. Verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir.
5. Hérlend útibú erlendra fjármálastofnana sem hafa með höndum starfsemi skv. 1.–4. tölul.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ákvæði 7. og 8. gr. laganna gildi einnig um aðra aðila sem hafa með höndum starfsemi sem líklegt er að notuð verði til að þvætta peninga.